



Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Haldinn laugardaginn 23. febrúar 2013 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi.

FUNDARGERÐ

Mættir voru níu (átta fundarmenn rituðu nöfn sín í aðalfundargerðarbók).

1. Fundarsetning

Árni Hjartarson formaður félagsins setti fundinn og kynnti fundarstjórnann, Esther Ruth Guðmundsdóttur, varaformann HÍN, sem fundargestir samþykktu einróma. Esther greindi frá því að löglega hafi verið boðað til fundarins með auglýstri dagskrá í félagsbréfi og með tölvupóstum til félagsmanna. Hilmar J. Malmquist var kjörinn fundarritari.

Gengið var til dagskrár aðalfundar samkvæmt fundarboði.

2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2012

Árni Hjartarson formaður HÍN gerði grein fyrir skýrslu HÍN f.h. stjórnar (hjálagt).

Stjórnarfundir

Á aðalfundi HÍN, sem haldinn var 25. feb. 2012, var lokið tveggja ára kjörtímabili þeirra Kristins Albertssonar, Rannveigar Guicharnaud og Árna Hjartarsonar. Þeir Kristinn og Árni gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og hlutu til þess kosningu. Á aðalfundinum var Hafdís Hanna Ægisdóttir kjörin ný í stjórn.

Haldnir voru níu venjubundnir stjórnarfundir á árinu. Fyrsti fundurinn, í mars, var haldinn í Perlunni vegna umræðunnar um hana sem framtíðarhúsnæði Náttúruminjasafns Íslands. Fram á vor voru fundirnir haldnir í bráðabirgðahúsnæði Náttúruminjasafnsins í Loftskýrastöðinni gömlu við Suðurgötu. Þegar starfsemi þess lauk þar var fundarstaðurinn fluttur að Grensásvegi 9 til ÍSOR. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum, öðrum en formannsstarfinu, en formaður var kosinn til tveggja ára á aðalfundinum 2010. Engar breytingar voru gerðar á hlutverkaskipan. Skoðunarmenn reikninga eru þeir Kristinn Einarsson, Arnþór Þórir Sigfússon og Hreggviður Norðdahl til vara.

Félagsmenn

Félagar í árslok 2012 voru 1248, 57 manns bættust við á félagaskrá en 25 hættu og þar af létust 5. Það fjölgaði því um 32 í félaginu. Á meðal þeirra sem létust var heiðursfélagi HÍN, Ingólfur Einarsson verslunarmaður, sem var gjaldkeri HÍN í 28 ár frá árinu 1968.

Á aðalfundinum 25. febrúar 2012 voru kjörnir tveir heiðursfélagar, þær Adda Bára Sigfúsdóttir og Margét Guðnadóttir. Þá hafði engum hlotnast sá heiður frá 2005. Þeim var veitt skrautritað heiðursskjál og gullmerki félagsins ásamt blómvendi.

Fræðsluerindi

Haldnir voru sjö fræðslufundir í stofu 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Aðsókn var góð, eða 393 skráðir gestir sem eru 50 fleiri en árið áður. Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að bjóða upp á að fylgjast með fræðsluerindum félagsins á Youtube myndbandasíðunni. Erindin eru birt á slóðinni <http://www.youtube.com/user/Natturufrædingurinn> og þar er hægt að hlusta á fyrirlesara og horfa á myndefni þeirra. Tengil á myndbandsupptökur fræðsluerindanna er einnig að finna í kynningartexta um viðkomandi erindi á heimasíðu HÍN.

Náttúrufræðingurinn

Á árinu kom út fjórfalt hefti af 83. árgangi Náttúrufræðingsins sem helgað var Þorleifi Einarssyni jarðfræðingi. Eftir útkomu heftisins lét ritstjórinn Hrefna B. Ingólfssdóttir af störfum en hún sat á ritstjórástóli frá árinu 2007 og ritstýrði þá 1.tbl. í 75. árgangi. Á tiltölulega stuttum ritstjóraferli sínum náði hún því langþráða takmarki að hala inn slaka á útgáfu ritsins sem komið var heilu ári á eftir áætlun. Á jólafundi stjórnar HÍN í desember voru Hrefnu færðar þakkir fyrir störf sín fyrir félagið og hún kvödd með gjöfum því til staðfestingar, Fuglabók Gröndals og velvaxið kerti í geirfuglsmýnd.

Auglýst var eftir nýjum ritstjóra. Alls bárust 20 umsóknir frá 12 körlum og 8 konum. Sex umsækjendur voru boðaðir í viðtal og var Sighvatur Blöndahl ráðinn í kjölfarið. Ritstjórinn mun áfram hafa aðstöðu á Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Í ritstjórn Náttúrufræðingsins sitja eftirtaldir: Droplaug Ólafsdóttir líffræðingur og formaður, Esther Ruth Guðmundsdóttir jarðfræðingur, Hafdís Hanna Ægisdóttir plöntuvistfræðingur og fulltr. stjórnar HÍN, Hlynur Óskarsson vistfræðingur, Kristján Jónasson jarðfræðingur, Rannveig Magnúsdóttir líffræðingur og Tómas Gréttar Gunnarsson dýravistfræðingur. Leifur Símonarson hætti í ritstjórn eftir áralanga setu og á hann miklar þakkar skyldar fyrir vandað verk og eljusemi.

Nefndastörf

Dýraverndarráð. Margrét Björk Sigurðardóttir er fulltrúi HÍN og hefur verið síðastliðin sex ár. Ráðið heyrði undir Umhverfisstofnun en tilheyrir nú Matvælastofnun. Gert er ráð fyrir að Margrét sitji áfram í ráðinu fyrir hönd HÍN þar til væntanlegar breytingar á dýraverndarlögum taka gildi.

Samstarfshópur frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Hópurinn á fulltrúa í ýmsum nefndum á vegum ráðuneytisins, svo sem í rammaáætlun, stjórn og svæðisráðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Árni Hjartarson er fulltrúi HÍN en Hólmfríður Sigurðardóttir hjá Fuglavernd er talsmaður og tengiliður hópsins við ráðuneytið.

Ráðgjafanefnd hagsmunadila um stjórn vatnamála. Nefndin var skipuð á fyrri hluta árs 2012 vegna innleiðingar á vatnatilskipun Evrópusambandsins. Nefndin fundaði nokkrum sinnum og mun starfa áfram að málum í tengslum við vatnstilskipunina. Fulltrúi HÍN er Hilmar J. Malmquist.

Aldarminning Sigurðar Þórarinssonar

Þann 8. janúar 2012 voru liðin 100 ár frá fæðingardegi Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings, sem um skeið var formaður HÍN og ritstjóri Náttúrufræðingsins. Þá efndu HÍN og fleiri samtök til blysfarar kringum Grænavatn í Krýsuvík. Um mitt ár kom fram sú hugmynd að gefa út geisladisk með söngtextum Sigurðar. Helstu hvatamenn að þessu voru Gunnar Guttormsson, Halldór Ólafsson, Árni Björnsson og Páll Einarsson. Hugmyndin vatt upp á sig og þegar upp var staðið var gefið út tveggja diska albúm, þ.e. hljómdiskur (CD) með 32 lögum og mynddiskur (DVD) með þremur þáttum. Albúminu fylgdi vandaður myndskreyttur bæklingur með textum og ýmsum fróðleik. HÍN, FÍ og JÖRFÍ eru skráð fyrir útgáfunni en upplagið er 2000 stk. HÍN reiddi fram 250.000 krónur til útgáfunnar og fékk 250 albúm til ráðstöfunar sem eru nú til sölu.

Um málefni Náttúruminjasafns

Eins og undanfarin ár var barátta HÍN fyrir hagsmunum Náttúruminjasafns Íslands all fyrirferðarmikil í starfsemi félagsins. Stjórnarmenn HÍN hafa heimsótt allmarga áhrifamenn í stjórnkerfi ríkis og borgar til að ýta á eftir málefnum safnsins. Má þar nefna Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra, Álfheiði Ingadóttur alþingismann og fyrrum ritstjóra Náttúrufræðingsins, Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra og Jón Gnarr borgarstjóra. Í ár var þessu haldið áfram. Katrín menntamálaráðherra var heimsótt, Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs, Guðmundur Hörður Guðmundsson formaður og Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri Landverndar og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og settur safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands.

Málefnaaða Náttúruminjasafnsins hefur heldur þokast fram á við. Árið byrjaði þó ekki vel því í ársbyrjun var birt fremur svört skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd laga um Náttúruminjasafn Íslands og allar aðstæður þess. Stjórn HÍN sendi frá sér grein í Fréttablaðið af þessu tilefni og stóð ásamt Landvernd, Samlífi – Samtökum líffræðikennara, Félagi náttúrufræðikennara á grunnskólastigi og Félagi raungreinakennara að áskorun þess efnis að félagið gæti séð Perluna á Öskjuhlíð fyrir sér sem framtíðarhúsnæði fyrir safnið. Áskorunin var send stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og mennta- og menningarmálaráðherra. Formaður HÍN myndaði lítinn þrýstihóp, Perluvini, með Hjörleifi Stefánssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Álfheiði Ingadóttur og Þórunni Sigríði Þorgrímsdóttur, sem unnu að tillögum um nýtingu Perlunnar og umhverfisins á Öskjuhlíð fyrir Náttúruminjasafn. Að undirlagi nefndar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar var ritari HÍN kvaddur á 15 manna hugarflugsfund í Perlunni í september þar sem lagðar voru fram hugmyndir um starfsemi Náttúruminjasafnsins og nýtingu húsnæðisins.

Ráðningarsamningur við Helga Torfason safnstjóra Náttúruminjasafnsins var ekki endurnýjaður, en hann rann út í maí 2012. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður var settur safnstjóri Náttúruminjasafnsins og mun gegna því starfi fram í maí 2013. Staða safnstjórans var auglýst laus til umsóknar í október 2012 og rann umsóknarfrestur út 14. desember. Alls sóttu 13 um stöðuna, átta konur og fimm karlar. Ritari HÍN var á meðal umsækjenda.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í desember heimild til að selja Perluna Reykjavíkurborg sem mun leigja hana ríkinu undir sýningarhald á vegum Náttúruminjasafnsins takist samningar þar að lútandi milli aðilanna. Samkvæmt ríkisfjárlögum fyrir árið 2013 er ráðgert að 400 milljónir kr. fari í stofnkostnað við Náttúruminjasafnið og 100 milljónir á næsta ári. Þá hefur Reykjavíkurborg viðrað kostnaðartölur að upphæð um 100 milljónir kr. vegna hugsanlegra endurbóta á húsnæðinu.

Styrkjaumsóknir

Sótt var um styrki til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, rekstrarstyrk að upphæð 1.000.000 kr. og styrk til kynningarátaks fyrir Náttúrufræðinginn að upphæð 700.000 kr. Nýverði barst tilkynning um 600.000 kr. rekstrarstyrk frá ráðuneytinu.

Starfið framundan

Í máli formanns kom fram að megin viðfangsefni í stjórnarstarfinu framundan væri að halda útgáfu Náttúrufræðingsins í horfinu þannig að ekki taki að myndast útgáfuhali á ný. Þá þyrfti að fjölga áskrifendum og auka auglýsingatekjur til að útgáfan standi undir sér. Jafnframt verði að ýta stöðugt á eftir málum Náttúrminjasafnsins og nýta sér þann meðbyr sem málefnið virðist njóta.

Að lokinni framsögu formannsins bauð fundarstjóri upp á umræður um skýrslu stjórnar. Enginn kvað sér hljóðs um þennan dagskrárlið.

3. Reikningar HÍN fyrir árið 2012

Kristinn J. Albertsson gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum félagsins (hjalagt).

Rekstrartekjur voru um 6,5 milljónir kr., rekstrargjöld um 7,2 milljónir kr. og vaxtagjöld um 41.000 kr. Tap á árinu 2012 var því rétt liðlega 0,8 milljónir kr. og var því mætt með tímabundnu láni úr Stefánssjóði (líkt og árið áður). Skuld við Stefánssjóð nemur nú um 1,6 millj. kr. Félagsmenn skulda félaginu um 3,8 milljónir kr. vegna árgjalda en sumt af þessu er nokkurra ára gamalt. Reksturinn er sem fyrr í járnnum.

Að lokinni framsögu gjaldkerans bauð fundarstjóri upp á umræður um skýrslu stjórnar og greinargerð gjaldkerans um reikninga félagsins. Ágúst H. Bjarnason bar fram fyrirspurn um dánargjöf eða sjóð sem kenndur var við Helga Jónsson. Gjaldkeri kannaðist ekki við þennan sjóð en kvaðst myndi athuga máli. Rætt var almennt um nauðsyn þess að bæta hag félagsins, m.a. að hækka aftur félagsgjöldin en þau voru síðast hækkuð í 5000 kr. í kjölfar aðalfundar ársins 2012. Gjaldkerinn benti á að ef árgjald HÍN hefði fylgt neyslúvísitölu ætti það að vera 5693 kr. fyrir einstakling. Ákvörðun um félagsgjöld verður tekin á stjórnarfundi.

Fleira markvert var ekki rætt um skýrslu formanns og greinargerð gjaldkerans.

Fundarstjóri bar reikninga ársins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma með öllum 9 atkvæðum.

4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2012

Engin skýrsla barst stjórn félagsins fyrir aðalfundinn.

5. Tillögur til ályktunar

Stjórn félagsins bar upp tvær tillögur til ályktunar.

Árni Hjartarson, formaður félagsins, flutti svohljóðandi tillögu um **Náttúruminjasafn Íslands**:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN) haldinn 23. febrúar 2013, fagnar ákvörðun borgarráðs þess efnis að kaupa Perluna á Öskjuhlíð af Orkuveitu Reykjavíkur í

Því augnamiði að leigja ríkinu húsið til langs tíma og undir náttúrusýningu. Það er jafnframt gleðiefni að ríkið hefur tryggt fjármuni á fjárlögum fyrir árið 2013 svo þessar áætlanir nái fram að ganga. Aðalfundurinn fagnar einhug og þverpólískri samstöðu sem virðist ríkja um það grundvallarsjónarmið að núverandi staða Náttúruminjasafns Íslands sé óviðunandi og að taka þurfi af myndarskap á málefnum þess m.a. með fyrirhugaðri sýningu.

Aðalfundur HÍN sér fyrir sér að í Perlunni verði komið upp veglegri og nýstárlegri sýningu sem sæmi íslenskri þjóð, gestum hennar og sérstæðri náttúru landsins. Við hönnun og uppsetningu hennar er brýnt að hafa langtímasjónarmið Náttúruminjasafns Íslands að leiðarljósi og að hvergi verði slegið af í kröfum um fræðilegt upplýsingagildi og fagurfræði.

Bygging náttúruminjasafns, höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem hafi aðalstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, í grennd við önnur höfuðsöfn landsins, er og hefur verið eitt aðalbaráttumál HÍN í áratugi. Aðalfundur félagsins vekur athygli á því að þrátt fyrir ofangreind áform um náttúrusýningu ríkir enn mikil óvissa um Náttúruminjasafnið. Framtíðarstaðsetning þess er óráðin og endurskoðun laga um það miðar lítt fram. Þessari óvissu þarf að létta. Aðalfundur HÍN beinir þeirri áskorun til yfirvalda ekki verði tjaldað til einnar nætur með sýningunni í Perlunni heldur verði hún upphafið að endurreisn stofnunarinnar og þeirri starfsemi sem veglegt höfuðsafn á að hafa með höndum.“

Hilmar J. Malmquist, ritari félagsins, flutti svohljóðandi tillögu um náttúruverndarfrumvarp:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 23. febrúar 2013 í Kópavogi, fagnar frumvarpi til laga um náttúruvernd sem lagt var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013. Löngu tímabært er að ráðast í heildstæða, ítarlega endurskoðun á náttúruverndarlögum landsins, eins og gert er í frumvarpinu, og færa vernd náttúrunnar í nútímalegt horf sem tekur meira tillit en gert hefur verið til þessa til einkenna og sérkenna í náttúru landsins og hvar skórinn kreppir helst að. Um er að tefla undirstöður fyrir tilveru þjóðarinnar í landinu og því farsælast að umgangast náttúruauðlindirnar með komandi kynslóðir og langtímasjónarmið að leiðarljósi eins og stefnt er að í frumvarpinu. Hið íslenska náttúrufræðifélag hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt í öllum aðalatriðum.“

Gerðar voru tvær minniháttar athugasemdir við orðaval í seinni tillögunni og voru þær samþykktar á fundinum. Fundarstjóri bar tillögurnar upp til samþykktar og hlutu þær báðar stuðning allra 9 atkvæða.

6. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir kjöri stjórnar- og embættismanna félagsins. Kjörtímabili þriggja stjórnarmanna, sem voru að ljúka öðru ári kjörtímabilsins, rann út á aðalfundinum. Þetta voru þau Esther Ruth Guðmundsdóttir varaformaður, Ester Ýr Jónsdóttir fræðslustjóri og Hilmar J. Malmquist ritari. Hinir fjórir stjórnarmennirnir, Árni Hjartason formaður, Kristinn J. Albertsson gjaldkeri, Jóhann Þórsson félagsvörður og Hafdís Hanna Ægisdóttir meðstjórnandi, sitja áfram næsta kjörtímabil. Esther Ruth gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HÍN, en það gerðu Ester Ýr og Hilmar J. Malmquist. Í stað Esther Ruth bauð sig fram Herdis Helga Schopka, jarðefnafræðingur og starfsmaður hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Þau Ester, Herdís og Hilmar voru kjörin í stjórn HÍN með öllum greiddum atkvæðum.

Skoðunarmenn reikninga, aðalmennirnir Arnór Þ. Sigfússon og Kristinn Einarsson, og varamaðurinn Hreggviður Norðdahl, voru kjörnir einróma með öllum atkvæðum.

7. Önnur mál

Ágúst H. Bjarnason kvaddi sér hljóðs og var með ábendingar til stjórnar félagsins. Hann taldi m.a. að það vantaði fulltrúa alþýðunnar í stjórn HÍN – þar sætu eingöngu fræðimenn. Hann taldi jafnframt að það færi ekki vel á því að stjórnarmenn félagsins sætu í nefndum og ráðum fyrir hönd félagsins – því verki ættu aðrir félagsmenn að sinna. Þá varð Ágústi nokkuð tíðrætt um málefni Náttúruminjasafns Íslands. Hann hafði áhyggjur af þróun mála og fannst t.d. að samstarfsyfirlýsing eða samningur sá sem settur forstöðumaður Náttúruminjasafnsins Íslands og forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands undirrituðu í vetur væri grunsamlegur og að leynd hvíldi yfir honum. Þá viðraði Ágúst þá skoðun sína að allir munir sem tilheyrðu HÍN á sínum tíma væru eign Náttúruminjasafnsins en ekki Náttúrufræðistofnunar, þ. á m. grasasöfn, dýramyndir Benedikts Gröndal, dýrgripir og bókakostur. Ágúst ýjaði einnig að því að munir þeir sem voru frystigeymslu í Vogunum hefðu verið seldir úr landi!

Árni Hjartarson formaður, Kristinn J. Albertsson gjaldkeri og Hilmar J. Malmquist ritari tóku til máls og veittu Ágústi tilsvör. Í svörum þeirra kom m.a. fram að umræddur samningur milli stofnananna væri í anda laganna um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafns Íslands og að samningurinn væri opinber og aðgengilegur á netinu. Þá höfðu stjórnarmenn enga vitneskju um brotthvarf gripa úr frystigeymslunni og vissu ekki betur en að þeir hefðu skemmst þegar rafmagn og þar með frost fór af geymslunni. Ekki var tekið undir skort á alþýðlegum fulltrúa í stjórn HÍN, þar gætti stjórnarmanna af öllum gerðum sauðahúsa, en á hinn bóginn var því samsinnt að betur mætti virkja hinn almenna félagsmann til þátttöku í opinberum nefndarstörfum fyrir félagið.

8. Fundarslit

Árni Hjartarson formaður þakkaði fundarstjóra fyrir stjórn fundarins og öðrum fundarmönnum fyrir mætinguna. Þá þakkaði formaðurinn fráfarandi varaformanni, Esther Ruth Guðmundsdóttur, fyrir vel unnin störf í tíu ár og leysti hana út með blómvendi. Að þessu loknu sleit formaðurinn fundi um kl. 16.

Fundarritari Hilmar J. Malmquist.
Samþykkt á stjórnarfundum 4.6.2013.